

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2016/EES/68/01		Almennir frídagar á árinu 2017: EFTA-ríkin sem eiga aðild að EES og EES-stofnanir	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2016/EES/68/02		Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Fürstliches Obergericht, Liechtenstein, dagsett 25. september 2015, í máli Walter Waller gegn Liechtensteinische Invalidenversicherung (mál E-24/15)	2
2016/EES/68/03		Dómur Dómstólsins frá 2. október 2015 í máli E-3/15 – Liechtensteinische Gesellschaft für Umweltschutz gegen Gemeinde Vaduz (sveitarfélaginu Vaduz)	2
2016/EES/68/04		Úrskurður forseta 7. október 2015 í sameinuðum málum E-8/15 og E-9/15 Financial Services and Compensation Scheme Limited gegn Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta og De Nederlandsche Bank N.V. gegn Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta (mál E-24/15)	3
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/68/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7982 – Abbott Laboratories/Alere)	4
2016/EES/68/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8267 – Everis Initiatives/Bankia/Nettit Collaborative Payment) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2016/EES/68/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8291 – PSA/Aramis) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2016/EES/68/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8302 – Koch Industries/Guardian Industries) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7

<b>2016/EES/68/09</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7792 – Konecranes/Terex MHPS) .....	8
<b>2016/EES/68/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8109 – FIH Mobile/Feature Phone Business of Microsoft Mobile) .....	8
<b>2016/EES/68/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8183 – Avnet/Premier Farnell) .....	9
<b>2016/EES/68/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8218 – Egeria Industrials/Clondalkin) .....	9
<b>2016/EES/68/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8225 – GeoPost/Corfin 14/BRT) .....	10
<b>2016/EES/68/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8232 – Diamond Offshore Wind Holdings II/Eneco Wind Belgium/Elnu/Norther) .....	10
<b>2016/EES/68/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8241 – Nordic Capital/Nordnet/Group of individual investors) .....	11
<b>2016/EES/68/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8249 – SHV/Deli Home and Garden) .....	11
<b>2016/EES/68/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8264 – Michelin/Limagrain/Exotic Systems) .....	12
<b>2016/EES/68/18</b>	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. janúar 2016 þar sem lýst er yfir að samfylking fyrirtækja samræmist innri markaðnum og framkvæmd EES-samningsins – (mál M.7630 – FedEx/TNT Express) .....	12
<b>2016/EES/68/19</b>	Ríkisaðstoð – Bretland – Málsnúmer SA.35065 (2012/FC) – Meint aðstoð við MMD Shipping Services Ltd – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....	13
<b>2016/EES/68/20</b>	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir (Ítalía) .....	13

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Almennir frídagar á árinu 2017: EFTA-ríkin sem eiga aðild að EES og EES-stofnanir 2016/EES/68/01

	Ísland	Liechtenstein	Noregur	Eftirlitsstofnun EFTA	EFTA-dómstóllinn
2. janúar		X		X	X
6. janúar		X			
2. febrúar		X			
27. febrúar					X
28. febrúar		X			
19. mars		X			
13. apríl	X		X	X	X
14. apríl	X	X	X	X	X
17. apríl	X	X	X	X	X
20. apríl	X				
1. maí	X	X	X	X	X
17. maí			X		
25. maí	X	X	X	X	X
26. maí				X	X
5. júní	X	X	X	X	X
15. júní		X			
17. júní	X				
23. júní					X
7. ágúst	X				
14. ágúst					X
15. ágúst		X		X	X
4. september					X
8. september		X			
1. nóvember		X		X	X
2. nóvember					X
8. desember		X			
25. desember	X	X	X	X	X
26. desember	X	X	X	X	X
27. desember				X	X
28. desember				X	X
29. desember				X	X

Almennir frídagar sem falla á laugardaga og sunnudaga eru ekki taldir upp.

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Fürstliches Obergericht,  
Liechtenstein, dagsett 25. september 2015, í máli Walter Waller gegn  
Liechtensteinische Invalidenversicherung  
(Mál E-24/15)**

EFTA-dómstólum hefur borist bréf Fürstliches Obergericht Liechtenstein (áfrýjunarréttar furstadæmisins) frá 25. september 2015, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 1. október 2015, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Walter Waller gegn Liechtensteinische Invalidenversicherung að því er varðar eftirtalin atriði:

- 1) Girðir sú staðreynd að skv. öðrum málslíð 2. mgr. 87. gr. reglugerðar nr. 987/2009 er niðurstaða stofnunar á dvalar- eða búsetustað bindandi fyrir skuldarstofnun fyrir það að skuldarstofnunin vefengi þá niðurstöðu – og þar með upplýsingarnar sem fram koma í ítarlegri sjúkraskýrslu á eyðublaði E 213 – í málarekstri sínum?
- 2) Sé svarið við fyrri spurningunni jákvætt: Eru þau bindandi áhrif einnig til staðar við málarekstur fyrir dómstóli sem, samkvæmt innlendum málsmeðferðarreglum, kemur í kjölfar málsmeðferðar frammi fyrir skuldarstofnun?

## DÓMUR DÓMSTÓLSINS

frá 2. október 2015

í máli E-3/15

**Liechtensteinische Gesellschaft für Umweltschutz**

**gegn**

**Gemeinde Vaduz (sveitarfélaginu Vaduz)**

*(Tilskipun 2011/92/ESB um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið – 11. gr. – Réttur til að skjóta málinu til dómstóla – Áhrif EES-réttar á landslög – Meginreglur um jafnræði við málsmeðferð og skilvirkni)*

Hinn 2. október 2015 felldi dómstóllinn dóm í máli E-3/15, Liechtensteinische Gesellschaft für Umweltschutz gegn Gemeinde Vaduz (sveitarfélaginu Vaduz) – Beiðni *Staatsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein* (stjórnlagadómstóls Furstadæmisins Liechtensteins) skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið. Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Liechtenstein bar skylda til að innleiða tilskipun 2011/92/ESB, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2012 frá 7. desember 2012, og beita henni í tengslum við umrædda málsmeðferð um mat á umhverfisáhrifum sem um er deilt í aðalmálinu.
2. Það samrýmist ekki 11. gr. tilskipunar 2011/92/ESB að samþykkja almenna ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum og fresta með því úrlausn þýðingarmikilla atriða sem varða umhverfisáhrif verkefnisins, svo sem þeirra sem lýst er í 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/92/ESB, til síðari tíma málsmeðferðar um leyfisveitingu þar sem enginn möguleiki er á aðgangi frjálsra félagasamtaka sem stuðla að umhverfisvernd að áfrýjunarleið fyrir dómstólum. Er það í verkahring landsdómstólsins að skera úr um hvort um sé að ræða þýðingarmikil atriði.

3. Ekki er gerð krafa um það í EES-rétti að unnt sé að byggja með beinum hætti á þeim EES-reglum, sem ekki hafa verið innleiddar, fyrir landsdómstólum í EFTA-rikinum. Hins vegar leiðir það af EES-rétti að þegar reglur innlands réttar eru túlkaðar ber landsdómstólum að beita, eftir því sem kostur er, þeim túlkunaraðferðum sem viðurkenndar eru að landsrétti í því skyni að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með tilskipun 2011/92/ESB. Stofnast sú skylda á þeim degi er viðkomandi lagagerð er felld inn í EES-samninginn.
4. Er það landsdómsdólsins að ákvarða, í ljósi meginreglna um jafnræði við málsmeðferð og skilvirkni, hvaða úrræði séu tiltæk ef brotið er gegn 11. gr. tilskipunar 2011/92/ESB.

## ÚRSKURÐUR FORSETA

7. október 2015

í sameinuðum málum E-8/15 og E-9/15

**Financial Services and Compensation Scheme Limited**

gegn

**Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta**

og

**De Nederlandsche Bank N.V.**

gegn

**Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta**

Forseti EFTA-dómstólsins hefur kveðið upp úrskurð dagsettan 7. október 2015 að því er varðar beiðni *Héraðsdóms Reykjavíkur* (Reykjavík District Court) um ráðgefandi álit dómstólsins skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, og hljóða dómsorð sem hér segir:

Sameinuð mál E-8/15 og E-9/15 eru tekin af málaskrá.

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/68/05

(mál M.7982 – Abbott Laboratories/Alere)

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. nóvember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Abbott Laboratories („Abbott“) öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Alere Inc. („Alere“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Abbott: starfar víða um heim á sviði rannsókna, þróunar, framleiðslu og sölu á margvíslegum heilbrigðisvörum, t.d. viðurkenndum lyfja-, greiningar- og sérfæðisvörum ásamt vörum til meðferðar á æðasjúkdómum.
  - Alere: starfar víða um heim á sviði framleiðslu og sölu á faglegum greiningarlausnum, aðallega í tengslum við smitsjúkdóma, hjartasjúkdóma og eiturefnafræði.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 445, 6.12.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.7982 – Abbott Laboratories/Alere og eftirfarandi póstarsíturnum:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2016/EES/68/06****(mál M.8267 – Everis Initiatives/Bankia/Nettit Collaborative Payment)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. nóvember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið Everis Initiatives, S.L. („Everis“), sem er hluti af japönsku samsteypunni NTT Data („NTT“) og spænska fyrirtækið Bankia, S.A. („Bankia“), sem lýtur yferráðum spænska sjóðsins Fondo de Reestructuración Ordenada Bancaria („FROB“), öðlast í sameiningu yferráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fyrirtækinu Nettit Collaborative Payment, S.L. („Nettit“), sem hingað til hefur einungis lotið yferráðum Everis. Mun Bankia í þessum viðskiptum auka hlutfé Nettitt með hlutafjar kaupum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Everis er fjölþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki sem býður viðskiptalausnir, starfsáætlanir, þróun og viðhald á tæknilausnum og þjónustu í tengslum við útvistun upplýsingatækniþjónustu.
  - NTT er fyrst og fremst virkt á sviði upplýsingatækni og með sérstakri áherslu á fjarskiptaþjónustu, ráðgjöf, kerfisþróun og útvistun upplýsingatækniþjónustu.
  - Bankia er fjármálastofnun sem fæst m.a. við fjármálaþjónustu, tryggingar, eignastýringu, lánveitingar og uppbyggingu og stjórnun fasteigna.
  - FROB er opinber sjóður sem lýtur sem stendur yferráðum spænska ríkisins.
  - Nettitt er sprotafyrirtæki sem fæst við þróun og markaðssetningu á þjónustu í tengslum við fjármögnun á vörudreifingu, einkum margs konar þjónustu í tengslum við greiðslur og fjármálaþjónustu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 457, 8.12.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.8267 og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2016/EES/68/07****(mál M.8291 – PSA/Aramis)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. nóvember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Automobiles Peugeot SA, sem er hluti af PSA-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu Celor SAS sem stýrir Aramis-samsteypunni.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - PSA-samsteypan: framleiðsla, dreifing, viðhald og viðgerðir á bifreiðum svo og fjármögnun bifreiða víða um heim.
  - Aramis-samsteypan: dreifing bifreiða í einkaeign, aðallega notaðra bifreiða, eingöngu í Frakklandi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 453, 3.12.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8175 – PSA/Aramis og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8302 – Koch Industries/Guardian Industries)**

2016/EES/68/08

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. desember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Koch Industries, Inc. öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Guardian Industries Corp.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Koch Industries, Inc.: hreinsun, iðefni og lífrænt eldsneyti, skógarvörur og neytendavörur, áburður, fjölliður og ljósþræðir, rafmagnsihlutir, stýribúnaður og tækni fyrir vinnslu og mengun, hrávöruviðskipti, steinefni, orka, rekstur stórbýla og fjárfestingar.
  - Guardian Industries Corp.: framleiðsla um heim allan á flæðigleri, samsettum glervörum og innspýtingarmótuðum og húðuðum plasthlutum fyrir bílaframleiðslu og aðra notkun og dreifing byggingarefna í Bandaríkjunum fyrir verslunar- og íbúðarhúsnæði.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 457, 8.12.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.302 og eftirfarandi póstarsitun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2016/EES/68/09**  
**(mál M.7792 – Konecranes/Terex MHPS)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. ágúst 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M7792. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2016/EES/68/10**  
**(mál M.8109 – FIH Mobile/Feature Phone Business of Microsoft Mobile)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. september 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8109. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2016/EES/68/11**  
**(mál M.8183 – Avnet/Premier Farnell)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. október 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8183. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2016/EES/68/12**  
**(mál M.8218 – Egeria Industrials/Clondalkin)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. nóvember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8218. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2016/EES/68/13**  
**(mál M.8225 – GeoPost/Corfin 14/BRT)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. nóvember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8225. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2016/EES/68/14**  
**(mál M.8232 – Diamond Offshore Wind Holdings II/Eneco Wind Belgium/Elnu/Norther)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 9. nóvember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8232. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2016/EES/68/15**  
**(mál M.8241 – Nordic Capital/Nordnet/Group of individual investors)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. nóvember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8241. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2016/EES/68/16**  
**(mál M.8249 – SHV/Deli Home and Garden)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. nóvember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8249. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2016/EES/68/17**  
**(mál M.8264 – Michelin/Limagrain/Exotic Systems)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. nóvember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32016M8264. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. janúar 2016 þar sem lýst er** **2016/EES/68/18**  
**yfir að samfylking fyrirtækja samræmist innri markaðnum og framkvæmd EES-**  
**samningsins**

**(mál M.7630 – FedEx/TNT Express)**

Hinn 8. janúar 2016 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun í samrunamáli samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar. Heildartexti ákvörðunarinnar á ensku en án trúnaðarupplýsinga er birtur á vef aðalskrifstofu samkeppnismála á eftirfarandi slóð: [http://ec.europa.eu/comm/competition/index\\_en.html](http://ec.europa.eu/comm/competition/index_en.html)

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ríkisaðstoð – Bretland****2016/EES/68/19****Málsnúmer SA.35065 (2012/FC) – Meint aðstoð við MMD Shipping Services Ltd****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Bretlandi, með bréfi dagsettu 19. september 2016, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á hluta ofangreindrar aðstoðar í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Framkvæmdastjórnin ákvað að hreyfa ekki andmælum við tilteknum öðrum ráðstöfunum.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfarandi bréf birtist í Stjtið. ESB (Stjtið. ESB C 452, 2.12.2016, bls. 4). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstarsítu:

European Commission  
 Directorate-General for Competition  
 State Aid Greffe  
 B-1049 Brussels  
 Belgium  
 Bréfasími: + 32 2 296 12 42  
 Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Bretlandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**2016/EES/68/20**

**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu**

**Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannþjónustukvaðir**

Aðildarríki	Ítalía
Flugleiðir	Pantelleria – Trapani (báðar leiðir) Pantelleria – Palermo (báðar leiðir) Lampedusa – Palermo (báðar leiðir) Lampedusa – Catania (báðar leiðir)
Samningstími	Frá 1. júlí 2017 til 30. júní 2018
Frestur til að skila tilboðum	Tveimur mánuðum frá því að útboðsauglýsing þessi birtist í Stjtið. ESB (Stjtið. ESB C 442, 29.11.2016, bls. 3).
Texti útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannþjónustukvaðirnar, er afhentur eftir beiðni.	Um nánari upplýsingar vinsamlega leitið til: Italian Civil Aviation Authority (Ente Nazionale per l'Aviazione Civile, ENAC) Viale Castro Pretorio 118 00185 Roma (RM) ITALIA Sími +39 0644596564 Bréfasími: +39 0644596591 Netfang: osp@enac.gov.it Vefsetur: <a href="http://www.enac.gov.it">http://www.enac.gov.it</a>